

Hvolsvelli 20. október 2021.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra.

Í okkar sveitarfélagi er margt vel gert sem vert er að þakka og sumt sem betur mætti fara. Mig langar að gera að umtalsefni Emstruleið inn á Fjallabak syðra. Leið þessi var lögð á sjöunda og áttunda áratug síðustu aldar að frumkvæði Hreppsnefndar Hvolhrepps með Markús Runólfsson í broddi fylkingar með góðum stuðningi Vegagerðar Ríkisins og Hreppsnefndar Fljótshlíðar. Helstu áskoranir í þessari vegagerð voru brúargerð á Innri Emstruá 1975 og Markarfljót 1978 og varnargarðar við Lausöldu og Litlu Streitur 1974.

Viðhald á þessum vegi hefur löngum verið lítið en þó hefur það versnað til muna nú hin síðustu ár. Þetta er hefлаð einu sinni á sumri og virðast fyrirmælin vera þau að gera þetta á sem stystum tíma. Þannig er eftir heflun mikið af grjóti á veginum og ekkert er hugsað um eins og lengi var gert þar sem vegurinn liggur í halla að reyna að veita vatni út af veginum svo það renni ekki eftir veginum og valdi þar með meira úrrennsli eftir hvern vetur. Á tveimur stöðum upp með Einhyrningi er vegurinn orðinn í mannhæðardjúpum tröðum og er hann orðinn það nærri berggrunni að þarna myndast á hverju hausti uppsprettur sem leiðir til þess að vegurinn verður ófær og leitar þá umferðin út fyrir veginn með ófyrirjáanlegum afleiðingum.

Vegna lítils eftirlits koma upp atvik eins og í haust að nota þurfti 2-3 stórvirk vinnutæki í heila viku til að opna veginn eftir vatnavexti. Svona framkvæmd kostar mikið en skilar litlu eða engu til framtíðar.

Hjá okkur er starfandi Samgöngu og umferðarnefnd. Hún heldur sjaldan fundi og eftir fundargerðum virðist hún fjalla lítið um málefni utan þéttbýlisins. Enda hefur mér verið tjáð að ekki sé til erindisbréf fyrir nefndina og vita þá nefndarmenn ekki hlutverk sitt.

Í Rangárþingi ytra er starfandi sambærileg nefnd sem er að mínu mati til fyrirmyndar. Hún hefur haldið 10 fundi það sem af er þessu kjörtímabili og starfar eftir skýru erindisbréfi og fer árlega í skoðunarferðir og sækir síðan um í styrkvegasjóð og hefur fengið úthlutað í mörg verkefni tæpar 20 milljónir á

kjörtímabilinu. Í fundargerð hjá Skeiða og Gnúpverjahreppi sá ég fyrir stuttu að þeir fengu úthlutað 4 milljónum til viðhalds á afréttarvegum í Gnúpverjahreppi.

Ég hvet sveitarstjórn til að gera Samgöngu og umferðarnefnd starfhæfa og vinna að því að forgangsraða verkefnum sem óhjákvæmilega þarf að fara í á næstu árum í sveitarfélaginu og sækja um styrki til þess.

Virðingarfyllst,

Einar Grétar Magnússon.

A handwritten signature in blue ink, reading "Einar Gr. Magnússon". The signature is written in a cursive style with a large initial 'E'.